



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
B.t. Helga Helgassonar, heilbrigðisfulltrúa
Innrimel 3
301 Akranes

Akranesi, 27. nóvember 2018

1811187 SFB/sa

Efni: Gjaldskrá sorpgjalda 2019 - umsagnarbeiðni

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2019 og þriggja ára áætlunar 2020 – 2022, samþykkti bæjarstjórn Akraness við fyrri umræðu þann 13. nóvember síðastliðinn hækkun á almennum þjónustugjaldskráum kaupstaðarins um 2,9% sem taki gildi 1. janúar 2019. Hækkunin er miðuð við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní síðastiðinn um áætlaða vísitöluhækkun á milli árána 2018 og 2019. Rétt er að geta þess að samkvæmt þjóðhagsspá Hagsstofunnar frá 2. nóvember síðastliðnum er gert ráð fyrir að vísitöluhækkunin verði 3,6% en bæjarstjórn Akraness ákvað að halda óbreyttum gjaldaforsendum og miða við 2,9%

Gjaldskrá um sorpgjöld var tekinar fyrir sérstaklega og samþykktar í bæjarstjórn og var ákveðið að gjöldin yrðu óbreytt frá árinu 2018 og munu því í árslok 2019 hafa verið óbreytt í þrjú ár.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi sorpgjöldum fyrir árið 2019 sem innheimt verði með fasteignagjöldum sbr. fylgiskjal nr. 1:

1. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 18.786 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
2. Sorpeyðingargjald verði kr. 16.021 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).

Við ákvörðunartökuna um gjaldskrána nú eru eftirtaldir tekju- og gjaldaliðir lagðir til grundvallar skv. 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:

1. Áætlaðar tekjur að fjárhæð kr. 95.077.000.
2. Áætluð gjöld að fjárhæð kr. 95.984.000 sem greinast þannig:
 - a. Áætlaður sameiginlegur kostnaður, aðkeypt þjónusta o.fl. kr. 82.257.000.
 - b. Annar kostnaður vegna „stjórnunarkostnaðar“ og umsýslu bæjarskrifstofu (stjórnsýslu- og fjármálasviðs og skipulags- og umhverfissviðs) kr. 5.288.000.



- c. Eigin vinna starfsmanna í Gámu kr. 248.000.
- d. Áætlaður kostnaður vegna reksturs húsnæðis Gámu kr. 3.286.000.
- e. Lóð Gámu kr. 4.978.000.
- f. Áætlaðar afskriftir vagna fastafjármuna í Gámu kr. 327.000.
- g. Áætlaðar fjármagnstekjur í Gámu kr. 400.000.

3. Niðurstaða sorpmála 2019.

Samtals rekstrartap að fjárhæð kr. 907.000.

Til frekari skýringa á tekju- og kostnaðarliðum vísast til meðfylgjandi fylgiskjals nr. 2.

Síðari umræða bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun verður þriðjudaginn 11. desember næstkomandi og ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar hvað sorpgjöldin varðar.

Við málsmeðferðina er sérstaklega gætt að leiðbeiningum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. m.a. úrskurði nr. 30/2014 og nr. 17/2016.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er óskað umsagnar heilbrigðisnefndar um fyrirhugaða gjaldskrá. Samkvæmt upplýsingum undirritaðs er gert ráð fyrir fundi heilbrigðisnefndar þann 10. desember næstkomandi og er þess óskað að umsögn berist svo fljótt sem auðið er í kjölfar þess svo unnt sé að birta gjaldskrána í Stjórnartíðindum fyrir áramótin.

Ef óskað er frekari skýringa veitir undirrituð þær fúslega.


Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Fylgiskjöl:

1. Drög að gjaldskrá Akraneskaupstaðar fyrir hirðu og eyðingu sorps 2019.
2. Rekstur Gámu og álagning sorpgjalda samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.